

1. ENIGA MENINGA

a *a7* *d*
Eniga, meniga, allir röfla um peninga.
a *a7* *d*
Súkkadí, búkkadí, kaupa meira finerí.
a *a7* *d*
Kaupæði, málæði, er þetta ekki brjálæði?
g *d* *g* *d*
Eitthvað fyrir alla, konur og kalla,
g *d* *a* *d*
krakka með hár og kalla með skalla.
g *d* *g* *d*
Eitthvað fyrir alla, káta krakkalakka,
g *d* *a* *d*
það kostar ekki neitt, þú krækir bara í pakka,
f *g* *d* *f* *g* *d*
eða fyndinn frakka, eða feitan takka!

Eniga meniga, ég á enga peninga.
Súkkadí, búkkadí, en ég get sungið fyrir því.
Sönglandi, gaulandi með garnirnar gaulandi.
Eitthvað fyrir alla, konur og kalla,
krakka með hár og kalla með skalla.
Eitthvað fyrir alla, káta krakkalakka,
það kostar ekki neitt, þú krækir bara í pakka,
eða fyndinn frakka, eða feitan takka!

2. HATTUR OG FATTUR

d *a* *g* *d*
Da rada rallalala daralla lara lei.
d *a* *g* *d*
Da rada rallalala daralla lara lei...
e7 *a*
Út og suður, austur vestur,
e7 *a*
upp og niður, það er aldrei friður
f *g* *a*
þegar Hattur og Fattur fara á kreik.
d *a* *g* *d*
Annar er of stuttur, en hinn er alltof stór.
a *g* *d*
Annar er of feitur, en hinn er alltof mjór.
a *g* *d*
Annar kann að spila, en hinn er voða frjór.
a *g* *d*
Annar býr til lögin, en báðir syngja í kór.

e7 *a*
Út og suður, austur vestur,
e7 *a*
upp og niður, það er aldrei friður
 f *g* *a*
þegar Hattur og Fattur fara á kreik.

Da rada rallalala daralla lara lei...

Hattur drekkur kaffi, en Fattur drekkur te.
Hattur elskar stelpu, en Fattur elskar tré.
Hattur mælir regnbogann, en Fattur skellir á lær.
Hattur trúir á visindin, en Fattur bara hlær.

Út og suður, austur vestur,
upp og niður, það er aldrei friður
þegar Hattur og Fattur fara á kreik.

Da rada rallalala daralla lara lei...

3. VIÐ ERUM FUGLAR

g *f#m* *em* *d*
Við erum fuglar sem flögra um;
g *f#m* *em7* *a* *a7*
við finnum alltaf það sem okkur vantar ...
 f# *f#7*
Að vakna snemma er viðbjóður
 b *b7*
ef veðrið það er slæmt
e *e7*
að sjá ekki út úr augunum
 a *a-aug*
og anda heldur dræmt
 f# *f#7*
að hita upp gamlan hafragraut
 b *b7*
og háma í sig með skeið
e *e7*
klæða sig í klossana
 a *a-aug*
og kjaga sína leið.

Við erum fuglar sem flögra um
við finnum alltaf það sem okkur vantar ...

Vanti okkur veðursæld
þá vindum við okkur út
tökum skýjaslæðurnar
og slengjum þeim íhnút.

Landi okkur í lystiferð
þá leggjum við upp á þak
uns Hafsteinn mávur flýgur hjá
og hleypir okkur á bak.

Við erum fuglar sem flögra um,
við finnum alltaf það sem okkur vantar ...

Vanti okkur viðlagið
þá vendum við í kross
læðumst út af laginu
og látum eins og hross!

Við erum fuglar sem flögra um,
við finnum alltaf það sem okkur vantar ...

4. ÉG HEYRI SVO VEL.

d *em7* *g* *a*
Ég heyri svo vel, ég heyri grasið gróa.
d *em7* *g* *a*
Ég heyri svo vel, ég heyri snjóinn snjóa.
a *em7* *g* *a*
Ég heyri svo vel ég heyri orminn mjóa,
bm e bm e
heyri hárið vaxa, heyri neglurnar lengjast,
g a
heyri hjartað slá.

Þú finnur það vel, já allt sem er hér .
Þú finnur það vel, allt færist nær þér.
Þú finnur það vel, þú kemur nær mér.
Andlitin lifna, húsin dansa og vindurinn hlær.

5. EF ÞÚ ERT SÚR VERTU ÞÁ SÆTUR

c *g f* *c*
Ef þú ert súr, vertu þá sætur,
g f c
sjáðu í speglinum hvernig þú lætur.
g f c
Ekkert er varið í sút eða seyru.
g f c
Teygðu á þér munnvikin út undir eyru.
am g
Galdurinn er að geta brosað,
f c
geta í hláturböndin tosað,
am g f g c
geta hoppað, hlegið, sungið endalaust.

Ef þú ert fýldur þá líkistu nauti,
eða eldgömlum potti með viðbrenndum grauti.
Ekkert er varið í sút eða seyru.
Teygðu á þér munnvikin út undir eyru.
Galdurinn er að geta brosað,
geta í hláturböndin tosað,
geta hoppað, hlegið, sungið endalaust.

6. DRULLUM-SULL

(Texti: Kristinn Einarsson)

g *d*
Drullum sull og sullum bull

c *g*
oj bjakk en að svíarí.

d
Drullum sull og sullum bull

c *g*
oj bjakk en það svíarí.

em

Hver við skítinn

bm

hver vill reykin

am *em*

hver vill sjóinn illa út leikinn?

em7 *bm7*

Líttu inn í Leirvoginn

am7 *em*

ljótur er það haugurinn.

g *d*
Drullum sull og sullum bull

c *g*
oj bjakk en að svíarí.

d
Drullum sull og sullum bull

c *g*
oj bjakk en að svíarí.

Örfirisey er ekki pen,
olíu og skítafen,
loðnuþrær sem lykta af grút.
Langar nokkurn þangað út?

Drullum sull og sullum bull
oj bjakk en að svíarí ...

Nauðhólsvík er nálægt þér,
Nauðhólsvíkin líkar mér,
einkum þegar allt er hreint,
engu skólpi í sjóinn beint.

Drullum sull og sullum bull
oj bjakk en að svíarí ...

Á Reykjanesi runnu hraun
nú rennur vatn um þau á laun
með olíubragði ofan á
sem ekki lengur drekka má.

Drullum sull og sullum bull
oj bjakk en að svíarí ...

Í Straumsvíkinni er stækja oft,
stígur móðan upp í loft,
kerjabrotin kúra á bing
svo kemur eitrið dingaling!

Drullum sull og sullum bull
oj bjakk en að svíarí ...

7. SJÓMAÐUR UPP Á HÁR

a *c#m*
Það var einn prúður sjómaður
bm *a*
með salt í æðunum
f#m *c#m*
hann sveiflaði sér í kaðli
bm e
í siglutrjánnum.

a *c#m*
Eitt var það sem enginn vissi
bm *a*
um þennan mæta mann,
f#m *c#m*
hann kunni að hnýta rembihnút
bm e
með tánnum.

d *a*
Sjómaður, já, sjómaður,
e *a*
já, sjómaður upp á há.
d *a*
Sjómaður, já, sjómaður

f g a
stundum rauður en aldrei blár
f g a e7
frekar stuttur með liðað hár.

Hann sigldi yfir höfin blá
með sælubros á vör
og brá sér ei við neitt
það menn vita.
Nema ef vera skyldi
þegar skipshundurinn Þór
var næstum drukknður
í eigin svita.

Sjómaður, já, sjómaður,
já, sjómaður upp á há.
Sjómaður, já, sjómaður
stundum rauður en aldrei blár
frekar stuttur með liðað hár.

Aldrei sást hann loka báðum
augunum í senn
og aldrei tók hann ofan
höfuðfatið.
Og þegar sjórinn fossaði
í fúadallinn innan
þá stakk hann bara finginum
í gatið.

Sjómaður, já, sjómaður,
já, sjómaður upp á há.
Sjómaður, já, sjómaður
stundum rauður en aldrei blár
frekar stuttur með liðað hár.

8. ÞAÐ VANTAR SPÝTUR

e g
Kannist þið við krakka sem kúra á skólabekkjum
a h
og langtum flestum líður eins og kartöflum í sekkjum?
e g
Kannist þið við krakka sem kúra á skólabekkjum
a h
og langtum flestum líður eins og kartöflum í sekkjum?
c g
Það vantar spýtur og það vantar sög,
d a
það vantar málningu og fjörug lög.
c g
Það vantar spýtur og það vantar sög,

d *a*
það vantar málningu og fjörug lög.

Kannist þið við snáða sem engu fá að ráða,
þeir þvælast bara hér og þar og eru fyrir allsstaðar?
Kannist þið við snáða sem engu fá að ráða,
þeir þvælast bara hér og þar og eru fyrir allsstaðar?

Það vantar spýtur og það vantar sög,
það vantar málningu og fjörug lög.
Það vantar spýtur og það vantar sög,
það vantar málningu og fjörug lög.

Kannist þið við krakka sem kúra í sandkassa,
þeim leiðist heldur lífið og eru löngu hætt að krassa?
Kannist þið við krakka sem kúra í sandkassa,
þeim leiðist heldur lífið og eru löngu hætt að krassa?

Það vantar spýtur og það vantar sög,
það vantar málningu og fjörug lög.
Það vantar spýtur og það vantar sög,
það vantar málningu og fjörug lög.

9. RYKSUGULAGIÐ

e *e7*
Ryksugan á fullu, étur alla drullu,
a
trallalara, trallalara, trallalaramm.
e *e7*
Sópa burtu ryki með kústi og gömlu priki,
a
trallalara, trallalara, trallalaramm.
d *a*
Ef þú getur ekki sungið reyndu þá að klappa
d *a*
og ef þú getur ekki klappað reyndu þá að stappa
f *g* *a*
svo söngflokkurinn haldi sínu lagi
f *g* *a*
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

Út með allan skítinn svo einhver vilji lít'inn,
trallalara, trallalara, trallalaramm.
Skúra, skrúbba og bóna, rífa af öllum skóna
trallalara, trallalara, trallalaramm.
Ef þú getur ekki sungið reyndu þá að klappa.
Og ef þú getur ekki klappað reyndu þá að stappa.
Svo söngflokkurinn haldi sínu lagi
og syngi ekki sitt af hvoru tagi.

10. DAGALAG

d em7 f#m7 g
Ég heiti Helga á helgidögum.
d em7 f#m7 g
Ég heiti Þura á þurrum dögum.
d em7 f#m7 g
Ég heiti Sunna á sunnudögum.
bm e
Er þetta nóg?
bm e a c#aug
Er núna komið nóg - og þó?

Ég stjórna bæði veðri og vindunum,
ég vef skýin onaf tindunum,
ég græði grasið inni í dölunum,
ég geng um fjöll með smölunum.

Ég heiti Lauga á laugardögum.
Ég heiti Birta á björtum dögum.
Ég heiti Helga á Helgidögum.
Er þetta nóg?
Er núna komið nóg?
Og þó?

Ég anda' upp ölduhryggjum úti' á sjó,
ég sáldra regndropum á runna' og mó,
ég kveiki kvöldstjörnur á himninum,
ég kyndi upp í morgninum.

11. KÖTTURINN SEM GUFADÍ UPP

c g am em7
Ég átti eitt sinn kött sem að gufaði upp,
f d g
já, hann hvarf bara svona einn daginn.
c g am em7
Ég vissi aldrei alveg hvað af honum varð,
f d g
en ég sé hann aldrei ganga um bæinn.
c g f c
Og svo guf'aðann upp og svo guf'aðann upp.
g am am7 fm9
Og svo guf'aðann upp ég sé hann aldrei meir.

Hann átti aldrei trefil, hann átti aldrei skó,
en hann gaf því alls engar gætur.
Hann vafði skýi um hálsinn og skelli, skelli-hló
og gantaðist úti allar nætur.

Og svo guf'aðann upp og svo guf'aðann upp.
Og svo guf'aðann upp ég ég sé hann aldrei meir.

12. HVERS EIGA FÍLAR AÐ GJALDA

am g f e
Hvers eiga fílar að gjalda
am g f e
hví fá þeir aldrei nokkurn frið?
am g f e
Hver eiga fíla að gjalda
f e am g f e
þótt þeir gangi svona út á hlið?

Hvers eiga fílar að gjalda
þótt þeir bláir séu yst og inst?
Hvers eiga fílar að gjalda?
Æ, greyin segiði hvað ykkur finnst?

Hvers eiga fílar að gjalda
þótt þeir gangi um í grænum skóg.
Hvers eiga fílar að gjalda
þegar byssan hlæ í grænum skóg.

13. ÞAÐ HAFU ALLIR EITTHVAÐ TIL AÐ GANGA Á

c d f c
Allir hafa eitthvað til að ganga á,
d f c
teygðu fram löppina og lof mér að sjá.
c d f c
Allir hafa eitthvað til að ganga á,
d f c em7
teygðu fram löppina og lof mér að sjá.

am c
Fílinn hefur feitar tær,
c e
ljónið hefur loppur tvær,
am c
músin hefur margar smáar,
d e
en ormurinn hefur ansi fáar.
c d
En allir hafa eitthvað til að

Fiskurinn hefur fína ugga,
flóðhesturinn engan skugga,
krókóðillinn kjaftinn ljóta;
sá er klár að láta sig fljóta.

En allir hafa

Á vængjum fljúga fuglarnir,
á fótum ganga trúðarnir,
á hnúum hendast aparnir,
á rassinum leppalúðarnir.

En allir hafa eitthvað

14. ÞAÐ VAR EITT SINN SJÓMAÐUR

am e
Það var eitt sinn sjómaður
am e
með sérstök axlabönd;
am e
hann sigldi um hafið blátt
am e
að ókunnri strönd.
c g
Hann var ekki hræddur
c g
um að hann yrði snæddur
c g
móður og mæddur
f d e
ónei, ónei, ónei!

Það var eitt sinn sjómaður
með sérstakt vasaúr;
hann villtist í skóginum
og fékk sér smá-lúr.
Hann var ekki hræddur
um að hann yrði snæddur
móður og mæddur
ónei, ónei, ónei!

Það var eitt sinn sjómaður
með sérstakt hjartalag;
hann kollsigldi skútunni
einn sólbjartan dag.
Hann var ekki hræddur
um að hann yrði snæddur
móður og mæddur
ónei, ónei, ónei!

15. ÞAÐ ER MUNUR AÐ VERA HVALUR

a – c#m – bm – e

e a c#m
Það er munur að vera hvalur
bm e
og geta siglt um sjóinn
a c#m
eins og skip eins og skip
bm e
eins og skip eins og skip.

e a c#m
Ég er stærsti hvalur í heimi
bm e a
og ég syndi um með merkilegan svip
c#m bm e
merkissvip, merkissvip, merkissvip.

d a e
Alla fiska sem ég finn, hvar sem er í hafinu;
d a e
alla fiska sem ég finn, hvar sem er í hafinu
f g a
borða ég með munninum.

c#m bm
Ýsur og lýsur,
c#m bm
hámerar og vogmerar,
c#m bm
þyrsklinga og brislinga,
c#m bm
hina snúandi og smjúgandi,
c#m bm
dansandi og glansandi
a
ála – ála! *g – e*

d a e
Alla fiska sem ég finn
